


KJARVALSSTAÐIR

Eiríkur Smith sýnir

Um þessar mundir stendur yfir málverkasýning Eiríks

Smith í austursal Kjarvalsstaða. Þar sýnir hann 114 verk, olíumálverk og vatnslitamynd-

ir og einnig 20 litteikningar úr Þjóðsögum. Sýningin stendur til 10. maí.



Eiríkur Smith við tvær mynda sinna á Kjarvalsstöðum.

FRÍKIRKJUVEGUR 11

Sýning Ketils framlengd

Málverkasýning Ketils Larsens að Fríkirkjuvegi 11 hefur verið framlengd til sunnudagskvölds.

Sýninguna nefnir Ketill „Stef frá öðrum heimi“ og er hún 10. einkasýning hans. Þar sýnir hann 60 myndir, olíu- og akrílmýndir, og einnig nokkrar myndir málaðar á stein. Opíð er frá kl. 14–22 í dag og á morgun. Ketill Larsen með eina mynda sinna.



NORRÆNA HÚSIÐ

Fyrirlestur um barna- og unglíngabækur

Á mánudagskvöld heldur Gunnar Jakobsen, deildarstjóri við Kennaraháskóla Danmerkur, fyrirlestur í Norræna húsinu og talar um barna- og unglíngabækur og hefst hann kl. 20.30.

Gunnar Jakobsen er staddur hér á landi í boði Norræna hússins og Kennaraháskóla Íslands. Hann er kennari að mennt, en hefur skrifað mikið um barnabækur og m.a. gefið út bókina „Moderne dansk børnelitteratur“ 1975. Einnig hefur hann mikið haft með málefni skólabókasafna að gera og sent frá sér bókina „Skolebibliotek — et mediacentre“ 1970. Hann heldur fyrirlestur um skólabókasöfn í



Gunnar Jakobsen.

Kennaraháskólanum, stofu 301, í dag, laugardaginn 25. apríl, og hefst hann kl. 13.00. Eru allir velkomnir. Þá mun Gunnar Jakobsen halda fyrirlestur fyrir stúdenta á 2. og 3. ári og fjallar sá fyrirlestur einnig um skólabókasöfn.

Háskólafyrirlestur um ensk-íslenska orðabók

Í dag flytur Heimir Áskelsson, dósent í ensku, opinberan fyrirlestur á vegum heimspekideildar Háskóla Íslands og hefst hann kl. 15.00 í stofu 101 í Lögbergi.

Fyrirlesturinn nefnist: „Um ensk-

íslenska orðabók“ og er hinn síðasti af fjórum fyrirlesturum, sem kennarar heimspekideildar flytja nú á vörmisseri um rannsóknir og fræði í deildinni.

Öllum er heimill aðgangur.

LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR

Alltaf uppselt á Skorna skammta

Í kvöld verður Ofvitinn í 154. sinn á sviðinu í Iðnó, en annað kvöld er það revían Skornir skammtar eftir þá Jón Hjartarson og Þórarín Eldjárn.

Þetta er tólfta sýning á Skornum skömmtum og má

segja að leikurinn hafi hitt í mark, því að uppselt hefur verið á hverja einustu sýningu til þessa. Á myndinni eru þeir Gísli Halldórsson og Kjartan Ragnarsson í einu söngatriða revíunnar.



Austurbæjarbíó sýnir Angelu með Sophiu Loren

Um þessar mundir sýnir Austurbæjarbíó bandaríska mynd, Angelu, með Sophiu Loren. Leikstjóri Boris Sagal.

Myndin fjallar um unga konu sem býr í verkamannahverfi í Montreal í Kanada. Hún elur son fimm mánuðum áður en maður hennar kemur heim frá vígstöðvunum í Kóreu og hann heldur að einhver annar hafi gert henni barnið. Hann leitar til ráðamanns í undirheimunum og fær hann til liðs við sig til þess að taka barnið frá Angelu. Tuttugu og þremur árum seinna hittast mæðginin aftur — án þess að vita um skyldleika sinn.



Skúli R. Hilmarsson og Sigfús Aðalsteinsson í hlutverkum sínum í „Lofti“, sem leikklúbbur Menntaskólans í Kópavogi sýnir í kvöld í Kópavogssleikhúsinu (Félagsheimili Kópavogs).

LEIKKLÚBBUR MK

Sýnir söngleikinn Loft

Í KVÖLD sýnir leikklúbbur Menntaskólans í Kópavogi söngleikinn „Loft“ eftir Odd Björnsson og hefst sýningin í Kópavogssleikhúsinu kl. 20.30. Leikstjóri er Sólveig Halldórsdóttir, ljósaðhönnuður Lárus Björnsson og stjórnandi ljósa Egill Árnason. Aðalleikendur eru Þór H. Ásgeirsson, sem leikur Djófsa, Skúli R. Hilmarsson, sem leikur Loft, Guðrún, Gunnarsdóttir, sem leikur Disu, Hulda Björnsdóttir, sem leikur móður og Sigfús Aðalsteinsson sem leikur H.A.

Aðrir leikendur í Lofti eru Þóra Guðmundsdóttir, Guðjón

Reynisson, Stefán Guðleifsson, Sigríður Ása Richardsdóttir, Þóra S. Jónasdóttir, Ragna Ólafsdóttir, Brynja Júlíusdóttir og Ingibjörg Ingvarsdóttir. Einnig á mikinn þátt í sýningunni 20 manna kór undir stjórn Gunnsteins Ólafssonar, sem einnig hefur samið mörg laganna, og jasshljómsveit undir stjórn Sigurðar Jónssonar. Auk þess spilar strengjakvartett undir í nokkrum laganna.

„Loftur“ fjallar um tilraunir ungs manns til að bjarga mannkyninu á þann hátt að nota hið illa til góðs. Þegar honum verða ljós mistök sín, reynir hann að bæta fyrir þau.